

III. Námskeiðslýsing Samspilsnámskeiðs 2015

SAMSPIL 2015 er námskeið fyrir skólafólk um möguleika upplýsingatækni í skólastarfi.

Tími

Febrúar 2015 - janúar 2016

Markhópur

Starfsfólk leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Bent er á að kostur er að fleiri en einn þátttakandi komi úr hverjum skóla.

Umsjón

- Bjarnrís Fjóra Jónsdóttir, verkefnisstjóri UT-torgs
- Tryggvi Thayer, verkefnisstjóri MenntaMiðju
- Ýmsir sérfræðingar í upplýsingatækni í skólastarfi

Námsumhverfi

Upphafsnámskeið fer fram á 7 stöðum á landinu. Náms- og kennsluefni verður miðlað á vef UT-torgs og samskiptamiðlar nýttir á fjölbreyttan máta til að miðla reynslu og þekkingu.

Námsgögn

Beinar útsendingar á vefnum, upptökur af veffundum og frá útspilum, myndskleið og sjálfsnámsverkefni, hugbúnaður/verkfæri á neti sem þátttakendur prófa, umræður þátttakenda í samfélagsmiðlum og gagnlegar vefsíður sem bent verður á.

Markmið

Meginmarkmið námskeiðsins er:

- Að þátttakendur kynnist hagnýtum dæmum um notkun upplýsinga- og samskiptatækni í íslenskum skólum.
- Að hver þátttakandi hafi gagn af námskeiðinu og geti nýtt viðfangsefni þess í eigin kennslu.
- Að þátttakendur geti nýtt sér upplýsingatækni og samfélagsmiðla til að sinna eigin starfspróunar- og símenntunarpörfum.
- Að kennarar vítt og breitt um landið séu virkir í starfssamfélögum á netinu og noti þau til að deila reynslu og þekkingu.
- Að námskeiðið verði hvati til frekari þróunar efnis, aðferða og samstarfs um framsækna og gagnlega notkun UT í skólastarfi.
- Að þátttakendur geri sér grein fyrir áhrifum tækniþróunar á nám og kennslu og séu meðvitaðir um tæknibreytingar sem kunna að hefja innreið sína á næstu árum.

Skipulag

Námskeiðið hefst á Útspili, sem er staðbundið 5 tíma upphafs- og kynningarnámskeiði haldið víða um land. Eftir það verður námskeiðið byggt upp í samræmi við 10 þema sem hvert spannar einn mánuð.

- **Útspil: Staðbundið upphafs- og kynningarnámskeið í upphafi árs**
 - Vesturland (Borgarnes/Snæfellsnes)
 - Bolungarvík
 - Akureyri
 - Egilsstaðir
 - Suðurland (Hvolsvöllur)
 - Reykjanes
 - Reykjavík
- 1. Þema í febrúar: **Upplýsingatækni í starfspróun og framtíð menntunar**
- 2. Þema í mars: **Samvinna í skýjum**
- 3. Þema í apríl: **Samfélagsmiðlar**
- 4. Þema í maí: **Sköpun, tjáning, miðlun, læsi, upptökur og myndvinnsla**
- 5. Þema í ágúst: **Rafrænt samstarf, eTwinning**
- 6. Þema í september: **Námsumsjón og námsmat**
- 7. Þema í október: **Forritun og leikjafræði**
- 8. Þema í nóvember: **Sköpun, tjáning, miðlun og læsi í faggreinakennslu**
- 9. Þema í desember: **Námsefnisgerð, opið menntaefni og höfundaleyfi**
- 10. Þema í janúar 2016: **Næstu skref og framtíðin**

Á meðan á námskeiðinu stendur hafa þátttakendur aðgang að ráðgjöf og stuðningi í gegnum samfélagsmiðla.

Viðfangsefni

Í hverjum mánuði verða tekin fyrir viðfangsefni sem tengjast ákveðnu þema og þeim gerð skil á eftirfarandi máta:

- I. **Fræðsla á veffundum (e. webinar):** Þátttakendur taka þátt í um klukkutímalöngum fræðslufundum sem fara fram á netinu tvisvar í mánuði.
- II. **Verkefni til sjálfsnáms:** Þátttakendur horfa á stutt myndskaið á netinu með kynningu á tilteknu UT tóli sem verða birt 2-3 sinnum í mánuði
- III. **Virgni á samfélagsmiðlum:** Þátttakendur kynnast samfélagsmiðlum og notkunarmöguleika í eigin starfi með beinni þátttöku þar sem þeir spyrja spurninga og deila reynslu. Notkun samfélagsmiðla verður fléttað saman við hvert þema.

Ástundun

Lögð er áhersla á að álag á þátttakendur verði ekki mikið. Verkefnavinnu tengd hverju þema er stillt í hóf og dreift á eins mánaðar tímabil.

Áhugi og tími til að fylgjast með kynningum og taka þátt í umræðunni er forsenda fyrir þátttöku á námskeiðinu.

Þátttakendur hafa val um að taka námskeiðið til 10 ETCS eininga

- Þátttakendur sem fá námskeiðið metið til eininga, gera samning um þátttöku og skrá eigin ástundun og gagnsemi viðfangsefna í leiðabók sem farið verður yfir af umsjónarkennurum. Þessir þátttakendur vinna jafnframt á vormisseri og haustmisseri kennsluáætlanir tengdar völdu viðfangsefni og prófa það með hópi nemenda sinna.
- Aðrir skráðir þátttakendur sem ekki taka námskeiðið til eininga eru hvattir til virkrar þátttöku í öllu námskeiðinu, að vinna leiðarbók á námskeiðstímanum og prófa viðfangsefni í eigin starfi.

Á námskeiðstímanum verða tvisvar lagðar fyrir stuttar kannanir tengdar viðfangsefnum námskeiðsins.

Búnaður

Nettengd tölva með hljóðkorti, hátölurum eða heyrnartólum og möguleika á hljóðupptöku.

Verð

- Þátttakendur sem taka námskeiðið til eininga greiða 60.000 kr.
- Þátttakendur sem ekki taka námskeiðið til eininga greiða 5.000 kr.

Skráning

Áhugasamir kennarar eru hvattir til að skrá sig sem fyrst og tryggja sér pláss á námskeiðinu.